10. gr.
**Lögfræðilegar álitsgerðir.**

| | |
|---|---|
| Þjónustugjald | Lágmark kr. 25.000 |
| Viðmiðunargjald lögfræðings á klst. | kr. 3.000 |

11. gr.
**Gildistaka.**

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 52/1987 um opinber innkaup og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 22. júlí 1994.*

**Friðrik Sophusson.**

*Skarphéðinn Steinarsson.*

Nr. 449 4. ágúst 1994

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 430/1993 um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti verðlagsárið 1993-1994.**

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. er verði 2. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta verðskerðingargjöld af framleiðslu verðlagsársins sem fellur til í júlí og ágúst 1994.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. ágúst 1994.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

**Endurprentað blað.**